



## Akraneskaupstaður

### FUNDARBOÐ

**1334. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,  
25. maí 2021 og hefst kl. 17:00**

#### Almenn erindi

**1. 2011027 - Reglur um akstursþjónustu fyrir aldraða**

Á 153. fundi velferðar- og mannréttindaráðs sem haldinn þann 5. maí 2021 var tekið fyrir mál 2011027 - Reglur um akstursþjónustu fyrir aldraða.

Velferðar- og mannréttindaráð vísaði drögum að reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða til umsagnar í Öldungaráði. Öldungaráð tók málið fyrir á 11. fundi sínum 27. apríl 2021. Umsögn ráðsins liggur fyrir og er eftirfarandi: Öldungaráð lýsir yfir stuðningi sínum með fyrirhuguð drög að reglum um akstursþjónustu aldraða.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirliggjandi drög að endurskoðun á reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða. Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum til bæjarstjórnar til samþykktar.

**2. 2009212 - Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og vísaði til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

**3. 2105089 - Fæði starfsmanna Akraneskaupstaðar (matarmiðar)**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 tillögu um hækkun verðgildi matarmiða Akraneskaupstaðar úr kr. 1.600 í kr. 1.750 sem gilda frá 1. maí 2021.

**4. 2104179 - Flóahverfi - markaðssamningur**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20. maí markaðssamning Akraneskaupstaðar og Merkjaklappar ehf.

**5. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20. maí 2021 erindisbréf fyrir starfshóp um uppbyggingu Fjöliðjunnar og vísaði til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykkt. Bæjarráð samþykkti breytta dagsetningu lokaskila hópsins miðað við samþykkt drög skipulags- og umhverfissviðs til 16. júlí í stað 1. júlí 2021.

**6. 2005059 - Barnvænt sveitarfélag - sveitarfélag með réttindi barna að leiðarljósi**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20. maí erindisbréf stýrihóps um barnvænt samfélag og vísaði til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Bæjarráð samþykkti breytta tímsetningu upphafs vinnunnar miðað við samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs og lagði til að upphafið yrði í júní en ekki í maí.

**7. 2105033 - Hreggi Ak 85 - skipaskrárn. 1873 - forkaupsréttur**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20. maí að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins á fiskiskipinu Hreggi AK 85, skipaskrárnúmer 1873 og vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

**8. 2104263 - Dalbraut 8 - samningur**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20. maí samning Akraneskaupstaðar og Veitna ohf. um yfirtöku Akraneskaupstaðar á lóð og mannvirkjum á Dalbraut 8.

Bæjarráð samþykkti breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2021 og viðbótarútgjöld vegna samningsins, samtals að fjárhæð kr. 24.653.000.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu.

**9. 2011281 - Slökkvilið - tækjabúnaður**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3458 þann 20 maí viðauka II um við samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um brunavarnir og eldvarnareftirlit dags. 20. desember 2001 sbr. viðauka dags. 4. desember 2020 um framlengingu samstarfssamningsins um eitt ár til 31. desember 2021 en viðaukinn felur í sér ráðstöfun um kaup á stigabíl fyrir slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Bæjarráð samþykkti breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2021 vegna kaupanna á stigabílnum, samtals að fjárhæð kr. 59.553.000.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

**Fundargerðir til kynningar**

**10. 2101002 - Fundargerðir 2021 - Bæjarráð**

3458. fundargerð bæjarráðs frá 20. maí 2021 lögð fram til kynningar.

**11. 2101005 - Fundargerðir 2021 - Skipulags- og umhverfiráð**

196. fundargerð skipulags- og umhverfiráðs frá 10. maí 2021.  
197. fundargerð skipulags- og umhverfiráðs frá 17. maí 2021.  
198. fundargerð skipulags- og umhverfiráðs frá 18. maí 2021.

**12. 2101004 - Fundargerðir 2021 - Skóla- og frístundaráð**

161. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 18. maí 2021.

**13. 2101003 - Fundargerðir 2021 - velferðar- og mannréttindaráð**

154. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. maí 2021.

**14. 2101009 - Fundargerðir 2021 - Orkuveita Reykjavíkur**

304. fundargerð stjórnarfundar Orkuveitu Reykjavíkur frá 22. mars 2021.

**15. 2101010 - Fundargerðir 2021 - Faxaflóahafnir**

205. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 23. apríl 2021.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.